



Kjarasamningur v/SNS 2020



Kynning



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020



Gildistími 1. janúar 2020 – 31 mars 2023



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Föst mánaðarlaun

Launatafla 1: Gildir frá 1. janúar 2020 – 31. mars 2020

Launatafla 2: Gildir frá 1. apríl 2020 – 31. des. 2020

Launatafla 3: Gildir frá 1. janúar 2021 – 31. des. 2021

Launatafla 4: Gildir frá 1. janúar 2022 – 31. mars 2023



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Launahækkunarir

- 1. janúar 2020 hækka laun um kr: 17.000
- 1. apríl 2020 hækka laun um kr: 24.000
- 1. janúar 2021 hækka laun um kr: 24.000
- 1. janúar 2022 hækka laun um kr: 24.000



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



1.2 Eingreiðsla á samningstímanum.

- 1.2.1 Uppgjörsgreiðsla (persónuuppbót) fyrir tímabilið 1. ágúst 2019 til 31. des. 2019, kr. 105.000, sem greiðist þann 1. apríl 2020 hverjum starfsmanni miðað við fullt starf sem var við störf frá 1. ágúst 2019 til 31. desember 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall.
- Full upphæð fyrir tímavinumenn miðast við 627 unnar stundir á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. des. en annars hlutfallslega.

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Grein 1.1.1.1 breytist og hljóðar svo:

1.1.1.1 Föst laun skulu greidd eftir á, eigi síðar en fyrsta dag hvers mánaðar. **Beri fyrsta dag mánaðar upp á frídegi skal útborgun launa fara fram síðasta virka dag þar á undan.**

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



1.5 Yfirvinnukaup

Grein 1.5.1 breytist og hljóðar svo:

1.5.1 Yfirvinna er greidd með tímakaupi fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku (173,33 stundir miðað við meðalmánuð).

Yfirvinna skiptist í yfirvinnu 1 og yfirvinnu 2. Tímakaup yfirvinnu 1 er 0,9385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi en tímakaup yfirvinnu 2 er 1,0385% af mánaðarlaunum í hverjum launaflokki og þrepi. Greiðsla fyrir yfirvinnu skal vera með eftirtöldum hætti:

Yfirvinna 1 Kl. 08.00 - 17.00 mánudaga - föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 17.00 - 08.00 mánudaga - föstudaga.

Yfirvinna 2 Kl. 00.00 - 24.00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



1.5.5 Ný grein sem hljóðar svo:

- 1.5.5 Yfirvinna skal greidd skólaliðum í grunnskólum þegar þeir sinna aðalhreingerningum.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Ný grein. 1.5.6 Ónæði utan vinnutíma

1.5.6 Ónæði utan vinnutíma

Starfsmanni ber ekki að svara erindum tengdu starfi hans utan vinnutíma nema í neyðartilvikum. Gefi vinnuveitandi upp símanúmer eða netfang starfsmanns og feli honum að svara erindum fyrir hönd vinnuveitanda utan vinnutíma, enda sé slíkt tilgreint í starfslýsingu, skal þá fyrirfram samið um greiðslu fyrir slík verkefni.

Greinin á ekki við um stjórnendur eða starfsmenn sem hafa starfsskyldur af þessu tagi í starfslýsingu sinni og tillit hefur verið tekið til við launasetningu starfa þeirra.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



1.7 Persónuuppbót

Persónuuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

1. desember 2019 kr. 115.850.

1. desember 2020 kr. 118.750.

1. desember 2021 kr. 121.700.

1. desember 2022 kr. 124.750.

1. maí 2020 kr. 50.450

1. maí 2021 kr. 51.700

1. maí 2022 kr. 53.000

1. maí 2023 kr. 54.350

Að öðru leyti er greinin óbreytt.

ATH. Desemberuppbót og orlofsuppbót eru komin saman í þessa grein, 1.7.1



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



2. kafli: Um vinnutíma

- 2.1.1 Vinnuvika starfsmanns í fullu starfi er 40 stundir nema um skemmri vinnutíma sé sérstaklega samið, sbr. fylgiskjal 2 og fylgiskjal 3 sem fjallar um vinnutíma vaktavinnufólks. Með sérstöku samkomulagi meirihluta starfsfólks á viðkomandi sveitarfélags/stofnunar/vinnustaðar má aðlaga vinnutíma að þörfum stofnunar og starfsfólks og stytta vinnuvikuna um allt að 4 stundir á viku. Samhliða því verður grein 3.1 í kjarasamningi óvirk. Sjá nánar í fylgiskjali 2.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



2. kafli: Um vinnutíma

Grein 2.1.3 breytist og hljóðar svo:

2.1.3 Gert er ráð fyrir því að starfsfólk geti sinnt reglubundnum störfum sínum innan hefðbundins vinnudags. Mikilvægt er að stofnanir setji sér viðverustefnu þar sem m.a. er skerpt á skilum milli vinnu og einkalífs. Í þeim tilvikum sem starfsfólk þarf að sinna vinnu utan hefðbundins vinnutíma skal það koma fram í starfslýsingu og starfskjörum viðkomandi. Að öðrum kosti skal greiða sérstaklega fyrir vinnuframlag sem yfirmaður krefst af starfsmanni utan hefðbundins vinnutíma.

Vinnutími starfsmanna skal vera samfelldur eftir því sem við verður komið vegna eðli starfsins. Séu eyður í daglegum vinnutíma starfsmanns skv. ósk yfirmanns, skal fyrir slíkar eyður greiða 1 klst. í yfirvinnu.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



3. kafli: Um matar- og kaffitíma

Grein 3.4.3 og 3.4.4. breytast svo:

- 3.4.3 og 3.4.4 Upphæðir eru uppfærðar skv. vísölu, kr. 647 fyrir hverja máltíð og sama upphæð fyrir fæðispeninga í grein 3.4.4 frá og með 1. janúar ár hvert. Að öðru leiti eru greinarnar óbreyttar.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



4. kafli: Orlof

Kafli 4 breytist og hljóði svo frá 1. janúar 2020.

- 4.1.1 Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.
- 4.2.1 Starfsmaður skal fá 13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



ORLOF

Lágmarksorlof skal vera 30 dagar (240 vinnuskyldustundir) og gildir fyrir alla

Þannig verður orlofsréttur sumarið 2020 í dögum talið:

yngri en 30 ára = 26 dagar - sumarið 2020

30 – 38 ára = 28 dagar - sumarið 2020

eldri en 38 ára - 30 dagar sumarið 2020

Frá og með sumrinu 2021 munu allir fá 30 daga orlof.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



4. kafli: Orlof Kafli 4 breytist og hljóði svo frá 1. janúar 2020.

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.
- Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill. Samtal skal fara fram eigi síðar en í janúar ár hvert milli starfsmanns og yfirmanns um hvernig töku orlofs skuli lokið innan orlofsársins.
- Hafi starfsmaður sem átti gjaldfallið orlof þann 1. maí 2020, allt að 60 dögum, ekki nýtt þá daga fyrir 30. apríl 2023, falla þeir dagar niður sem eftir standa.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



4. kafli: Orlof Kafli 4 breytist og hljóði svo frá 1. janúar 2020.

- 4.4.1 Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.
- 4.4.2 Starfsmaður á rétt á að fá allt orlof sitt á sumarorlofstímabilinu, verði því við komið vegna þarfa stofnunarinnar.
- 4.4.3 Þeir starfsmenn sem samkvæmt ósk vinnuveitenda fá ekki fullt orlof á sumarorlofstímabili, skulu fá **25% lengingu** á þeim hluta orlofstímans sem veittur er utan framangreinds tíma.



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



5. kafli: Ferðir og gisting

Grein 5.7.7.1 er ný grein og hljóði svo:

5.7.7.1 Starfsmaður skal sækja vinnu til fasts ráðningarstaðar á eigin vegum og í tíma sínum.

5.8 FERÐIR MEÐ NEMENDUR OG SKJÓLSTÆÐINGA

5.8.1 Ferðir með nemendur. Ný og breytt grein

5.8.2 Ferðir með íbúa/þjónustuþega. Ný og breytt grein

Grein 5.8. um ófærð verður grein 5.9



Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



8. kafli: Verkfæri og fatnaður

8.2.1 Hlífðarfatnaður, skilgreining:

Vinnuveitandi skal leggja hverjum starfsmanni til, honum að kostnaðarlausu, allar þær persónuhlífar (hlífðarbúnaður), sem krafist er samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda þar um og reglum sem gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



8. kafli: Verkfæri og fatnaður

- 8.2.2 a. Starfsfólk íþróttahúsa og sundstaða: Stakkur/jakki, buxur, skór og skyrta eða íþróttagalli ásamt bol, **einnig venjuleg sólgleraugu eða smellt sólgleraugu þar sem við á.**
- c. Gangaverðir, skólaliðar, stuðningsfulltrúar, lengd viðvera, **starfsmenn félagsmiðstöðva**, dægradvalar og sambærileg störf í skólum: Stakkur/jakki, buxur og skyrta eða íþróttagalli ásamt bol
- j. **Ræstingar: Hlífðarfatnaður, skór og gúmmíhanskar.**

Grein 8.2.4 Fjárhæðir uppfærðar.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



10. kafli: Fræðslumál

Breytingar eru á nokkrum greinum í kaflanum en mest eru það textabreytingar og til skýringa á hugtökum á mati á námi.

Grein 10.3.1 breytist svo:

- 10.3.1 Heimilt er að veita starfsmanni sem starfað hefur samkv. samningi þessum samfellt í 3 ár, launað leyfi í samtals **þrjá mánuði** til þess að stunda viðurkennt nám sem veitir ákveðin réttindi.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



11. kafli: Ýmis atriði

Grein 11.1.3.1 breytist og hljóðar svo:

11.1.3.1 Ætíð skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann.....

Starfsmaður skal eiga rétt til að fá afhent öll gögn eða afrit af gögnum sem hann hefur afhent vinnuveitanda og varða hann sjálfan s.s. námsgögnum, starfsaldursvottorðum o.fl.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



11. kafli: Ýmis atriði

Grein 11.1.3.3 breytist og hljóðar svo:

11.1.3.3 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir, sjá þó grein 11.1.6....

Sé tímabundin ráðning starfsmanns framlengd í sama starfi telst reynslutími hans liðinn.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



11. kafli: Ýmis atriði

Grein 11.1.7.1 breytist og hljóðar svo:

11.1.7.1 Starfsmaður lætur af starfi sínu næstu mánaðamót eftir að hann nær 70 ára aldri án sérstakrar uppsagnar.

Rétt er að senda viðkomandi starfsmanni skriflega tilkynningu um starfslok vegna aldurs með sex mánaða fyrirvara. Mikilvægt er að upplýsa starfsmann um heimild til að sækja um framlengingu ráðningar sbr. gr. 11.1.7.2.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



11. kafli: Ýmis atriði

Ný grein 11.1.7.2 hljóðar svo:

11.1.7.2 Heimilt er vinnuveitanda að framlengja ráðningu eða endurráða starfsmann, sem hefur náð 70 ára aldri og látið hefur afföstu starfi samkvæmt gr. 11.1.7.1, í annað eða sama starf óski starfsmaður þess.

Við ráðningu skal vinnuveitandi gefa starfsmanni leiðbeiningar um að leggja fram öll nauðsynleg gögn sem hafa kjaralega þýðingu s.s. námsgögn og starfsaldursvottorð fyrir launasetningu starfsmanns og tryggja að þau berist til viðkomandi launadeildar.

Starfsmaður skal sækja um það skriflega til vinnuveitanda með a.m.k. 3ja mánaða fyrirvara og skal hafa borist svar innan mánaðar frá umsókn.

Sé unnt að verða við ósk starfsmanns skal ráðning gilda í allt að tvö ár til fyrstu mánaðarmóta eftir að 72 ára aldri er náð, nema annar hvor aðili segi ráðningunni upp með þriggja mánaða fyrirvara.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



11. kafli: Ýmis atriði

Ný grein 11.2.5 hljóðar svo:

11.2.5 Samráðsnefnd bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB (BSRB-sveit) og Sambands íslenskra sveitarfélaga skal skipuð fimm fulltrúum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fimm fulltrúum frá BSRB-sveit. Samráðsnefndin er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamninga. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

Samstarfsnefndir aðila geta vísað erindum til meðferðar og/eða úrskurðar samráðsnefndar. Erindum skal fylgja greinargerð, ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, þar sem ágreiningsefni eru skilgreind og sjónarmið hlutaðeigandi aðila rakin. Áðurnefnd gögn skulu berast samráðsnefnd a.m.k. þrem dögum fyrir boðaðan samráðsnefndarfund.

Grein 11.2.5 verður grein 11.2.6



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



12. kafli: Réttur starfsmanna vegna veikinda eða slysa.

Grein 12.1.6 breytist og hljóðar svo:

12.1.6 Vinnuveitandi endurgreiði starfsmanni þau útgjöld sem starfsmaður hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað og slysatryggingar almannatrygginga bæta ekki skv. 10. gr. laga nr. 45/215 um slysatryggingar almannatrygginga.

Sama gildir um þau útgjöld starfsmanns vegna atvika sem hann hefur orðið fyrir vegna atvika sem reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum gildir um og lÖg nr. 46/1980 ná til.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



12. kafli: Réttur starfsmanna vegna veikinda eða slysa.

Grein 12.8.1 breytist og hljóðar svo:

12.8.1 Foreldri, eða forsjámaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt staff) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Þessum fiarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

Nýta má að hluta eða að öllu leyti framangreindan rétt vegna barna undir 16 ára aldri í alvarlegum tilvikum sem leiða til sjúkrahúsvistar.

Ný grein MÆÐRASKOÐUN

12.9.1 Barnshafandi konur eiga rétt til nauðsynlegra fiarvista frá vinnu vegna mæðraskoðunar, án frádráttar á föstum launum, þurfi slík skoðun að fara fram í vinnutíma.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



13. kafli: launaseðill o.fl.

13.3 ORLOFSSJÓÐUR

Grein 13.3.1 breytist og hljóði svo:

13.3.1 Launagreiðandi greiðir **0,90% (var 1%)** af heildarlaunum félaga í orlofssjóð starfsmannafélagsins.

Grein 13.5.1 breytist og hljóði svo:

13.5.1 Launagreiðandi greiðir sérstakt gjald í Mannauðssjóð Samflots bæjarstarfsmannafélaga. Gjald þetta skal nema **0,20% (var 0.30%)** af heildarlaunum til félaga starfsmannafélagsins.

13.10 FÉLAGSMANNASJÓÐUR

Ný grein 13.10.1 um Félagsmannasjóð og hljóði svo:

13.1 0.1 Félagsmannasjóður.

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í Félagsmannasjóð sem nemur 1,24% af heildarlaunum starfsmanna.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 1. febrúar ár hvert samkvæmt stofnskrá sjóðsins.

Greinin gildir ekki um þá starfsmenn er njóta styrkja samkvæmt gr. 13.6.1.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



13. kafli: launaseðill o.fl.

13.7 LÍFEYRISSJÓÐUR

Grein 13.7.1 breytist og hljóði svo:

13.7.1 Aðild að lífeyrissjóði. Starfsmenn sem heyra undir samning þennan skulu eiga aðild að Brú lífeyrissjóði sveitarfélaga eftir því sem lög og samþykktir sjóðsins segja til um.

13.7.2 Lífeyrissjóðsiðgjöld

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að A-deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera 4% af heildarlaunum starfsmanns og mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

Eigi starfsmaður rétt til jafnrar réttindaávinnslu samkvæmt samþykktum A-deildar Brúar lífeyrissjóðs og sé vinnuveitandi annar en sveitarfélag, stofnun sveitarfélags, fyrirtæki eða önnur rekstrareining sem að hálfu eða meirihluta er í eigu sveitarfélaga og rekin sem fjárhagslega sjálfstæð eining sbr. 60. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal vinnuveitandi til viðbótar greiða sérstakt iðgjald vegna lífeyrisauka. Um prósentu sérstaks iðgjalds hverju sinni fer samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs.

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að V-deild Brúar lífeyrissjóðs skal vera 4% af heildarlaunum starfsmanns og mótframlag vinnuveitanda skal vera 11,5%.

Iðgjald starfsmanns sem aðild á að B-deild Brúar lífeyrissjóðs og mótframlag fer samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs eftir því sem við á.

13.7.3 Viðbótarframlög til lífeyrissparnaðar. Nýti starfsmaður lögbundinn rétt sinn til lífeyrissparnaðar, greiðir vinnuveitandi mótframlag til jafns á móti séreignarlífeyrissparnaði starfsmanns, allt að 2%.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



14. kafli: Samningsforsendur

14.2 SAMNINGSFORSENDUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 14.2.1 Komi til þess að samkomulag náist á almennum vinnumarkaði um breytingu á kjarasamningi þeirra, svo sem vegna hagvaxtarauka, skulu aðilar taka upp viðræður urn hvort og þá með hvaða hætti slík breyting taki gildi gagnvart samningum aðila.

Verði samningum á almennum vinnumarkaði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa er hvorum samningsaðila heimilt að segja samningnum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 23. mars 2020. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 23. mars 2020 skoðast samningurinn samþykktur.



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Bókanir í kjarasamningi

Bókun 1. Mismunandi meðferð vegna aldurs

Bókun 2. Endurskoðun 12. kafla

Bókun 3. Möruneyti

Bókun 4. Tímakerfi

Bókun 5. Trúnaðarmenn

Bókun 6. Símenntun starfsfólks sundstaða

Bókun 7. Starfsmennt og Mannauðssjóðir

Bókun 8. Starfsmatskerfið Samstarf

Bókun 9. Um sérákvæði

Bókun 10. Um launaþróunartryggingu.

Eldri bókanir

Bókun 3 (2015) Um launaupplýsingar

Bókun 3 (2014) Um jafnræði í launum óháð stéttaraðild



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Launahækkun

Launaflokkur 125

Grunnlaun

Nú 2019

kr. 323.577

verður 1. jan. 2020

kr. 341.215

verður 1. apr. 2020

kr. 365.215

verður 1. jan. 2021

kr. 389.215

verður 1. jan. 2022

kr. 414.215

Hækkun

kr. 90.638 eða 28% í þessum launaflokki



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLOT

Kjarasamningur v/SNS 2020

Kynning



Stytting vinnuvikunnar

Kynning á styttingu vinnuvikunnar kemur frá BSRB sem og um breytingu á orlofskaflanum, launaþróun og jöfnun launa á milli markaða

Hér er vefslóðin; <https://www.bsrb.is/is/moya/page/kynning-a-kjarasamningum-2020>